

**Nd.** **440. Frumvarp til laga** [262. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Markmið þessa frumvarps er að hækka greiðslur makabóta til þeirra sem bundnir eru heima við vegna örorku eða langvinnis sjúkdóms maka og geta ekki af þeim sökum aflað sér tekna.

Í 13. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að **80% einstaklingslífeyris** ef sérstakar ástæður eru fyrir

hendi. Í framkvæmd hefur ákvæði þessarar greinar verið þannig að eingöngu hefur verið miðað við grunnlífeyri án tekjutryggingar og er upphæð makabóta nú 3 394 kr. 78 konur og 4 karlar fá nú makabætur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að makabætur geti numið allt að 80% af samanlögðum grunnlífeyri og tekjutryggingu, eða 8 154 kr. í stað 3 394 kr.

Í almannatryggingalögum, og þeirri breytingu sem hér er lögð til, er ákvæðið takmarkað við maka elli- og örorkulífeyrisþega. Það er þó vissulega íhugunarefni hvort ekki væri rétt að þetta ákvæði næði til fleiri hópa í sambærilegum tilfellum. Má þar nefna tímabundnar aðstæður, t. a. m. einstæðra foreldra, vegna veikinda barna um lengri tíma þar sem sú aðstaða getur oft leitt til þess að fólk missir launatekjur af þeim sökum.

Einnig má minna á þá stefnumörkun sem gerð var með lögum um málefni aldraðra, en þar segir að meginmarkmið þeirra laga sé að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og eigi vól á þeirri heilbrigðisþjónustu og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa til að því markmiði verði náð. Hér þarf vart að lýsa því neyðarástandi sem ríkir, einkum á höfuðborgarsvæðinu, vegna vistunarmála aldraðra. Það gæti vissulega dregið úr þörf fyrir vistun aldraðra á stofnunum ef ákvæði það, sem frumvarp þetta fjallar um, yrði gert víðtækara og opnaðir möguleikar til að greiða betur þeim sem ekki geta aflað sér tekna á vinnumarkaðinum vegna umönnunar um aldraða og öryrkja í heimahúsum, — sem ella þyrftu á vistun á sjúkrastofnun eða vistheimili að halda. Slíkt fyrirkomulag mundi tvímælalaust hafa í för með sér sparnað.

Það ákvæði í 13. gr. almannatryggingalaganna, sem hér er lagt til að verði breytt, kom fyrst inn í lögina á árinu 1946. Þá var heimildin á þá leið að þessar bætur mætti greiða **eiginkonu** elli- og örorkulífeyrisþega enda þótt hún væri ekki fullra 67 ára eða sjálf öryrki. Var við það miðað að bótaupphæðirnar, þ. e. samanlagðar bætur til hjónanna, færu ekki fram úr hjónalífeyri, en þá var tekjutryggingin ekki komin til sögunnar. Verður því að líta svo á að löggjafinn hafi miðað makabæturnar við hæstu lífeyrisgreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega eins og þær voru á þeim tíma. Kemur þetta enda glögglega fram þegar þessum lögum er breytt á Alþingi 1955—56 og makabæturnar hækkaðar. Þá er tekið fram í ákvæði greinarinnar að miða skuli makabætur við allt að 60% **óskerts einstaklingslífeyris**. Á Alþingi 1959—1960 eru makabætur hækkaðar í 80% og enn er þar að finna ákvæði um að miðað sé við óskertan einstaklingslífeyri.

Á Alþingi 1962—1963 er þessu ákvæði almannatryggingalaganna breytt í það horf sem það er nú, þ. e. að greiða megi **maka** elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Breytingin fólst í því að makabætur, sem áður voru einungis greiddar eiginkonum, náðu nú einnig til eiginmanna þannig að maki elli- og örorkulífeyrisþega fékk greiddar makabætur í sérstökum tilfellum, og hins vegar féll brott orðið „óskertur“ (einstaklingslífeyrir) — án þess þó að á því væri gefin sérstök skýring eða að af verði ráðið að makabæturnar hafi lækkað, — enda áfram miðað við 80% af hæstu greiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega.

Á árinu 1971 eru svo sett ný lög um almannatryggingar og voru helstu nýmæli þeirra hin svonefnda tekjutrygging. Tekjutryggingin leggst við elli- og örorkulífeyri ef sjálfsaflatekjur lífeyrisþegans eru undir ákveðnu marki sem nefnt hefur verið frítekjumark. Greiðist hún að fullu við það mark en skerðist um 55% af tekjum umfram frítekjumarkið. Þó að með þessu ákvæði hafi greiðslur hækkað verulega til elli- og örorkulífeyrisþega, sem ekki höfðu aðrar tekjur en einstaklingslífeyri almannatrygginga, þá hafa makabæturnar ekki fylgt þessari breytingu og eru nú miðaðar við grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega en ekki hæstu lífeyrisgreiðslur (þ. e. grunnlífeyri og tekjutryggingu án uppbotar) eins og áður var.

Sé litið á þessa forsögu málsins verður að telja að það hafi ekki verið vilji löggjafans að breyta viðmiðuninni við hæstu lífeyrisgreiðslur, enda ekki um að ræða breyttar aðstæður sem réttlættu það að leggja aðra viðmiðun til grundvallar.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar hafa oft ekki annað sér til framfærslu en lífeyri almanna-trygginga. Þegar þar við bætist að maki ellí- og örorkulífeyrisþegans getur ekki aflað heimilinu tekna vegna þess að hann er bundinn heima við vegna örorku hans eða langvarandi sjúkdóms, — og hefur því einungis makabætur almanna-trygginga, eða rúmar 3 þús. kr., — þá verður framfærslan slíkri fjölskyldu ofviða.

Á það ber einnig að líta að þeir, sem bundnir eru heima við vegna umönnunar um maka sinn, spara þjóðfélaginu mikið fé því að gera má ráð fyrir að að öðrum kosti þyrfti öryrki eða ellilífeyrisþegi, sem þarf mikla umönnun, að dveljast á sjúkrastofnun eða vistheimili þar sem kostnaðurinn á dag getur orðið a. m. k. 25% hærri en heildargreiðslur sem maki öryrkja eða ellilífeyrisþega fær nú greiddar mánaðarlega.

Í desember s. l. var fjöldi þeirra, sem nutu makabóta, 82 skv. upplýsingum Trygginga-stofnunar ríkisins, 78 konur og 4 karlar. Kostnaður á mánuði, miðaður við núgildandi makabætur, er um 280 þús. kr. eða 3,3 millj. kr. á ári. Ef frv. þetta yrði að lögum yrði kostnaðurinn 669 þús. á mánuði eða 8 millj. kr. á ári.

Útgjöld, sem frv. þetta hefði því í för með sér, væri á ári um 5 millj. kr. Það segir sig sjálft að sá kostnaður er ekki nema brot af því sem ríkissjóður þyrfti ella að greiða ef umönnunar makanna nyti ekki við því að ekki er önnur leið fær í slíkum tilfellum en vistun á stofnunum.